

REGLUGERÐ

38

5. marz

um breyting á reglugerð nr. 32 5. marz 1941, um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

8. gr. hljóði svo:

Happdrættið gefur út á hverju ári 25000 hluti í 10 flokkum. Vinningar í öllum 10 flokkum samanlögðum skulu vera 6000 og 29 aukavinningar að upphæð samtals kr. 2100000.00.

2. gr.

10. gr. hljóði svo:

Verð heilla miða er 12 kr. í hverjum flokki, hálfra miða 6 kr. og fjórðungsmiða 3 kr. Fyrir ársmiða skal greiða kr. 120.00 fyrir heilan hlut o. s. frv., en ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrir fram fyrir þá drætti, sem eftir eru.

Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal greiða fyrir hann, auk verðs miðans í þeim flokki, einnig samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dráttur hefur áður farið fram í. Fyrir ársmiða, sem keyptir eru eftir að drættir eru byrjaðir og gilda frá söludegi til ársloka, skal greiða 120 kr. fyrir heilan hlut o. s. frv.

Umboðsmenn happdrættisins mega ekki selja hluti þessa öðru verði en hér er sagt, né heldur taka við ágóðahluta, né annarri þóknun, af vinningum, sem falla á þá hluti, sem þeir hafa selt. Hins vegar mega þeir krefjast aukagjalds, sem stjórn happdrættisins ákveður, af þeim viðskiptamönnum, sem óska eftir að fá hlutamiða eða vinningaskrár sent í pósti.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 44 19. júní 1933, sbr. lög frá 29. janúar 1943, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. marz 1943.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

REGLUGERÐ

39

6. marz

um breyting á reglugerð nr. 132 28. des. 1936, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

12. gr. 1, j-liður falli burt.

2. gr.

16. gr. orðist þannig:

Að loknu hverju námskeiði skal halda próf, þó skal próf í akstri fara fram í byrjun hvers námskeiðs, enda er engin kennsla í akstri á námskeiðinu.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til forstöðumanns námskeiðsins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntöku-